

Fyrirspurn

til innanríkisráðherra um bið eftir afplánun.

Frá Helga Hrafni Gunnarssyni.

1. Hversu margir dómþolar biðu 1. janúar sl. eftir að geta hafið afplánun í fangelsi vegna a) aðalrefsingar, b) vararefsingar?
2. Hversu margir þeirra sem biðu afplánunar 1. janúar sl. höfðu sótt um að fullnusta refsinguna með samfélagsþjónustu og hverjar urðu málalyktir þeirra umsókna?
3. Hversu margir dómþolar hafa hafið afplánun á árunum 2010–2014?
Svar óskast sundurliðað eftir kyni og aldri dómþola og eftir því hvort um er að ræða samfélagsþjónustu, rafrænt eftirlit, opið úrræði eða öryggisfangelsi.

Skriflegt svar óskast.